

Sp.

599. Þingsályktun

[110. mál]

um nefndarskipan um áfengismál.

(Afgreidd frá Sp. 7. maí.)

Alþingi ályktar að kjósa nú þegar nefnd manna, er hafi það verkefni að gera úttekt á stöðu áfengismálanna í dag, sérstaklega með tilliti til hrikalegra afleiðinga af ofneyslu áfengis, sem hvarvetna blasa við.

Nefndin skal leitast við að gera tillögur til úrbóta, hún skal hraða störfum sem mest og leggja bráðabirgðaálit og tillögur fyrir þingflokkanum á næsta reglulegu Alþingi.

Nefndin skal skipuð 5 mönnum eftir tilnefningu hvers þingflokks.